



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um jafnréttisgátlista fyrir leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Vísað er í svör skóla- og frístundasviðs, dags. 29. febrúar 2024 (SFS23110141) og dags. 15. apríl 2024 (SFS24040056) um jafnréttisgátlista sem sendir voru til stjórnenda leikskóla haustið 2023 af frumkvæði Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar. Spurt er um hvort samhliða útsendingu jafnréttisgátlista sl. haust hafi bréf verið sent til stjórnenda leikskólanna? Ef svo er, er hægt að gera efni bréfsins aðgengilegt? Einnig er spurt um hvort kostnaður af vinnu við gerð jafnréttisgátlista til stjórnenda leikskóla liggja fyrir? Ef svo er ekki, er þá hægt að áætla þann kostnað?

Svar:

Tölvupóstur var sendur til leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í Reykjavík og fagstjóra leikskóla í miðstöðvum 25. október 2023 varðandi verkfæri og fræðslu fyrir hinseginvænt leikskólastarf. Tölvupósturinn er meðfylgjandi svari þessu.

Starfsmaður skóla- og frístundasviðs þýddi og staðfræði gátlista fyrir leikskóla um kynjajafnrétti. Annar kostnaður féll ekki til við verkefnið.



Frá:

Sent: miðvikudagur, 25. október 2023 13:29

Afrit:

Efni: Verkfæri og fræðsla fyrir hinsegin vænt leikskólastarf

*Þessi póstur er sendur á leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og fagstjóra leikskóla

Sæl kærur leikskólastjórnendur

Eins og þið öll vitið hefur orðið bakslag í jafnréttismálum og þá ekki síst í garð hinsegin fólks undanfarið. Mikilvægt er að við bregðumst við þessari stöðu og gætum þess í sameiningu að allt skóla- og frístundastarf sé hinsegin vænt. Það skiptir miklu máli að við byrjum strax í leikskóla að undirbúa börn undir farsælt líf í fjölbreyttu samfélagi. Við þurfum að tryggja að í leikskólum sé skapað umhverfi þar sem öll börn og allir forsjáraðilar upplifa sig bæði velkomin og örugg.

Að gefnu tilefni minnum við á að allt fólk sem starfar hjá borginni á að hafa Mannréttindastefnu Reykjavíkur til hliðsjónar í sínu starfi og er ábyrgð stjórnenda þar mikil. Í stefnunni segir m.a um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni.:

Starfsfólk skal ekki ganga út frá því sem vísu að allir sem njóta þjónustu borgarinnar séu gagnkynhneigðir, síis-kynja eða eigi gagnkynhneigða eða síis-kynja foreldra. Starfsfólk gengur heldur ekki út frá því að allir eigi tvo foreldra þar sem sum börn eiga eitt foreldri og önnur fleiri en tvo foreldra. Samskipti starfsmanna og þeirra sem njóta þjónustu séu byggð á gagnkvæmri virðingu.

[...]Margs konar fjölskyldugerðir á að ræða á opinskáan og fordómalausan hátt. Kennarar og starfsfólk í skólum, frístundamiðstöðvum og öðru starfi með börnum og ungmennum geri fjölbreytileika mannlífisins sýnilegan í starfi sínu, til að mynda með vali á fræðslu- og afþreyingarefni sem notað er á öllum skólastigum. Skólastjórnendur og ábyrgðarfólk skóla- og frístundastarfs á vegum borgarinnar á að sjá til þess nemendur hljóti hinsegin fræðslu enda er það stefna borgarinnar að hinsegin fólk njóti virðingar og að um það sé fjallað í samræmi við almennan hluta aðalnámskrár frá árinu 2011.

Því hvetjum við ykkur til að kíkja á síðu Jafnréttisskólans en þar má m.a finna [vefsvæði](#) um hinsegin fræðslu fyrir leikskóla en þar leynast t.d. teiknimyndir, lestrarbækur, litabækur og fleira.

Einnig viljum við benda á vefsvæðið [Allir með en enginn eins](#) sem fjallar um fjölmenningu í leikskóla. Á þeirri síðu má finna gátlista um myndefni í barnabókum ásamt ýmsum góðum verkfærum sem eiga við og nýtast vel fyrir fjölbreyttan barnahóp.

Starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta sótt um [Regnbogavottun](#) hjá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar. Með því að fara í gegnum slíka vottun má gera starfsemina



Reykjavíkurborg

hinsegin vænni bæði fyrir starfsfólk og þjónustugega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.

Hér í viðhengi er svo jafnréttisgátlisti sem gaman gæti verið fyrir deildarstjóra að fylla út með starfsfólki sinnar deildar. Í kjölfarið væri sniðugt að rýna í hver staðan er, hvað er vel gert og hvar liggja tækifæri til úrbóta.

Að lokum þá minnum við á að Jafnréttisskólinn býður upp á fræðslu fyrir starfsfólk um ýmislegt sem viðkemur jafnréttis- og mannréttindamálum og þar á meðal um hinsegin málefni. Ekki hika við að hafa samband 😊

Kær kveðja,

Verkefnastýra Nýsköpunarmiðu / Jafnréttisskólinn

Skóla-og frístundasvið Reykjavíkur